

Skólaráðsfundur 2.desember 2015

Mætt: Magnús fulltrúi foreldra, Tanja og Sindri fulltrúar nemenda, Ásmundur fulltrúi almennt starfsmanna, Jens fulltrúi kennara og Svava skólustjóri.

- Fundarmenn voru upplýstir um skólaþing sem halda á með nemendum í 6.-10.bekk 7.janúar. Sú ákvörðun var tekin á fundi með stjórn nemendafélagsins í gær. Á skólaþinginu mun stjórnin kynna niðurstöður nemendakönnunar Skólapúlsins frá skólaárinu 2014-2015, í Tjarnarsal, fyrir nemendum í 6.-10.bekk. Sú kynning tekur stuttan tíma síðan verður kaffihúsafundur þar sem 5 nemendur verða saman á borði og fá spurningar til að vinna með.
- Farið yfir fréttabréf sem skólustjóri sendi á foreldra í nóvember. Í því var farið yfir niðurstöður nemenda- og foreldrakannana Skólapúlsins. Einnig voru kynntar niðurstöður samræmdra könnunarprófa sem lögð voru fyrir í haust. Niðurstöður í 4.bekk voru þær að þau voru undir landsmeðaltali í íslensku en langt yfir meðaltali í stærðfræði, í 7.bekk voru þau undir landsmeðaltali og í 10.bekk voru þau undir landsmeðaltali í stærðfræði og íslensku en um meðaltalið í ensku. Þegar niðurstöður eru skoðaðar þurfum við alltaf að hafa í huga mismunandi samsetningu á námshópum. Í 7. og 10.bekk er líka reiknaður framfarastuðull sem segir okkur hvort nemendur standa sig jafnvel, betur eða verr en í síðasta prófi. Strax og niðurstöður birtust fóru kennarar að vinna með nemendum í samræmi við þær, t.d. með aukinni lestraraðstoð og námsaðstoð þar sem við á.

Þegar niðurstöður skólans eru skoðaðar miðað við síðustu ár kemur í ljós að meðaltal er að hækka og gleðjumst við að sjálfsögðu yfir því en markmiðið er samt alltaf að ná yfir landsmeðaltal sem flestir bekkir hafa alla burði til að ná.

- Rætt um sýninguna „Hvað ef“ sem nemendum í 9. og 10.bekk var boðið á í Hörpunni, nemendafulltrúar ánægðir með þá kynningu sem gengur út á það að sýna hættur sem leynast í fíkniefnanotkun.
- Næsti fundur ákveðinn miðvikudaginn 27.janúar kl.8:10, þá verður m.a. farið yfir niðurstöður skólaþings og foreldrafunda sem þá verða nýyfirstaðnir

Fundi slitið kl.9, fundarritari Svava Bogadóttir

